Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, 5. nóvember 2018

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) fagnar drögum að nýrri stefnu ráðuneytisins í íþróttamálum. Íþróttir eru mikilvægur hluti af samfélaginu á Íslandi og nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila að hafa um þær góðan og hvetjandi ramma.

Það eru nokkur atriði sem ÍSÍ vill draga fram á þessu stigi málsins:

- Fara þarf betur yfir það hvað af textanum sem fram kemur í stefnuskjalinu eru markmið og hvað leiðir.
- ÍSÍ telur réttara að mennta- og menningarmálaráðuneytið sé í öllum tilfellum „ábyrgðaraðili" en síðan komi skýrt fram við hvert markmið hvaða samstarfsaðila ráðuneytið kallar að borðinu við að ná viðkomandi markmiði. Þeir aðilar séu nefndir samstarfsaðilar en ráðuneytið ábyrgðaraðili.
- Draga þarf fram mikilvægi sjálfboðaliða í starfsemi íþróttaheyfingarinnar. Nefna má að umhverfi sjálfboðaliða er að sumu leyti letjandi til þátttöku, í ljósi þeirra flóknu krafna sem gerðar eru á hreyfinguna og stjórnendur hennar án þess að fjármagn fylgi til að greiða fyrir sérfræðiþekkingu. Nærtækast er að nefna ný lög um persónuvernd.
- Æskilegt er að í stefnunni sé gert ráð fyrir samráðshópi hagsmunaaðila sem hafi það verkefni að fylgja stefnunni eftir og meta stöðuna með reglubundnum hætti á meðan hún er í gildi. Gildistími stefnunnar er afar langur eða frá 2019-2030 og því nauðsynlegt að fram fari reglubundið stöðumat á gefnum mælikvörðum.
- Í stefnunni koma fram ýmsar kröfur á íþróttahreyfinguna við að fylgja eftir markmiðum stefnunnar og þeim verkefnum fylgir oftar en ekki aukinn kostnaður fyrir hreyfinguna. Tryggja þarf fjármagn til þeirra verkefna.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er reiðubúið til frekara samráðs um einstaka þætti stefnunnar, ef óskað er eftir.

Virðingarfyllst,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

Arion banki ICELANDAIR SJÓVÁ TOYOTA VALITOR